

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 21. apríl 2020. Skipulagslýsingin er aðgengilegt á vef borgarinnar; <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/dunhagi-hjarðarhagi-og-tomasarhagi>

Góðan dag,

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 15. apríl 2020 var lögð fram skipulagslýsing, THG Arkitekta ehf. dags. 1. apríl 2020, að skipulagslýsingu fyrir Dunhaga, Hjarðarhaga og Tómasarhaga fyrir gerð nýs deiliskipulags fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Í tillögnum felst að festa í sessi leiksvæði á borgarlandi og hverfisvernd á byggð Hjarðarhaga og Tómasarhaga með minniháttar heimildum til breytinga þ.á.m. bílskúrsheimilda á tveimur lóðum, niðurrifi bílskúra og uppbyggingu á lóð nr. 18-20 við Dunhaga.

Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 15. maí 2020.

Samþykkt var að leita umsagna um lýsinguna hjá eftirfarandi stofnunum/skrifstofum: Skipulagsstofnun, íbúaráði Vesturbæjar, Borgarsögusafni Reykjavíkur, Minjastofnun Íslands, OR/Veitum, Skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Skrifstofu umhverfisgæða.

Lýsingin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is undir skipulag í kynningu

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa